

## 2011 nr. 166 23. desember

### Lög um greiðslu kostnaðar við rekstur umboðsmanns skuldara

**Tóku gildi 1. janúar 2012.** *Breytt með* l. 127/2012 (tóku gildi 1. jan. 2013), l. 140/2013 (tóku gildi 31. des. 2013 nema 1.–2., 4.–12., 16.–18., 23.–29., 31.–32., 34.–38. og 40.–48. gr. sem tóku gildi 1. jan. 2014 og 21. gr. sem tók gildi 1. jan. 2016; komu til framkvæmda skv. fyrirmælum í 49. gr.), l. 125/2014 (tóku gildi 31. des. 2014 nema 6., 8., 13.–18., 21.–25. og 29. gr. sem tóku gildi 1. jan. 2015; komu til framkvæmda skv. fyrirmælum í 30. gr.), l. 125/2015 (tóku gildi 1. jan. 2016 nema 2., 4.–5., 8., 24., 31., 37., 45., 48.–52., 54.–55. og 57.–58. gr. sem tóku gildi 31. des. 2015 og a–d-liður 1. gr., 6.–7., 13. og 15. gr. sem tóku gildi 1. jan. 2017; komu til framkvæmda skv. fyrirmælum í 59. gr.), l. 126/2016 (tóku gildi 1. jan. 2017 nema 1., 2., c-liður 8., 9., 18., r-liður 19., 20., 22.–24., 28., 29., 41., 58., 60. og 61. gr. sem tóku gildi 31. des. 2016, s-liður 19. gr. sem tók gildi 1. apríl 2017 og 10. gr. sem tók gildi 1. sept. 2017; komu til framkvæmda skv. fyrirmælum í 62. gr.), l. 96/2017 (tóku gildi 31. des. 2017 nema 1., 11., 13., 14., 17.–27., 31.–35. og 38.–46. gr. sem tóku gildi 1. jan. 2018; komu til framkvæmda skv. fyrirmælum í 49. gr.) og l. 47/2018 (tóku gildi 26. maí 2018).

Ef í lögum þessum er getið um ráðherra eða ráðuneyti án þess að málefnasvið sé tilgreint sérstaklega eða til þess vísað, er átt við **félags- og jafnréttismálaráðherra** eða **velferðarráðuneyti** sem fer með lög þessi.

#### ■ 1. gr. Gjald og gjaldskyldir aðilar.

□ Aðilar sem hafa leyfi til að stunda starfsemi skv. 2. og 3. tölul. 1. mgr. 3. gr. laga um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, Íbúðalánasjóður, lífeyrissjóðir og váttryggingafélög skulu standa straum af kostnaði við rekstur umboðsmanns skuldara með greiðslu sérstaks gjalds í samræmi við ákvæði laga þessara. Hið sama á við um fjármálafyrirtæki sem er stýrt af skilanevnd, slitastjórn eða bráðabirgðastjórn samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, óháð því hvort viðkomandi fyrirtæki hefur starfsleyfi, takmarkað starfsleyfi eða starfsleyfi þess verið afturkallað, enda stundi það eða hafi stundað starfsemi skv. 2. og 3. tölul. 1. mgr. 3. gr. þeirra laga.

□ Útibú erlendra lánastofnana hér á landi skulu jafnframt greiða gjald samkvæmt lögum þessum.

□ Útlán hjá dótturfélagi gjaldskylds aðila skulu teljast með útlánum hjá móðurfélagi enda sé dótturfélagið ekki gjaldskyldur aðili.

□ Lánasjóður sveitarfélaga og Byggðastofnun skulu undan- skilin gjaldskyldu samkvæmt lögum þessum.

□ [Gjaldið rennur í ríkissjóð.]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 47/2018, 41. gr.

#### ■ 2. gr. Skýrsla um álagningu næsta árs.

□ Fyrir 1. júlí ár hvert skal umboðsmaður skuldara gefa ráðherra skýrslu um áætlaðan rekstrarkostnað næsta almanaks- árs [og áætlaðan kostnað vegna fjárhagsaðstoðar til greiðslu tryggingar fyrir kostnaði vegna gjaldþrotaskipta].<sup>1)</sup> Í skýrsl- unni skulu jafnframt koma fram upplýsingar um það hlutfall sem gjaldskyldir aðilar skulu greiða af álagningarstofni skv. 5. gr., auk þess sem lagt skal mat á þróun starfseminnar und- angengin þrjú almanaksár.

□ Skýrslu umboðsmanns skuldara til ráðherra skal fylgja álit samráðsnefndar gjaldskyldra aðila skv. 3. gr. ásamt af- stöðu stofnunarinnar til þess álits. Til að samráðsnefndin geti gefið álit sitt skal umboðsmaður skuldara eigi síðar en 1. júní ár hvert láta henni í té drög að skýrslu. Samráðsnefndin skal skila umboðsmanni skuldara áliti um skýrsluna eigi síðar en 14. júní ár hvert.

□ Ef niðurstaða skýrslunnar gefur tilefni til að breyta hundr- aðshluta gjalds skal ráðherra, telji hann þörf á breytingum, leggja frumvarp fyrir Alþingi þar sem lögð er til breyting gjalds skv. 5. gr. sem ráðherra telur nauðsynlega í ljósi fyrir- liggjandi gagna.

<sup>1)</sup> L. 140/2013, 16. gr.

#### ■ 3. gr. Samráðsnefnd gjaldskyldra aðila.

□ Ráðherra skipar fjögurra manna samráðsnefnd gjald- skyldra aðila samkvæmt tilnefningum til þriggja ára í senn. Íbúðalánasjóður skal tilnefna einn fulltrúa, Landssamtök líf- eyrissjóða einn fulltrúa og Samtök fjármálafyrirtækja tvo. Nefndin velur sér formann og skal tilkynna ráðherra og um- boðsmanni skuldara um formann nefndarinnar og aðsetur.

□ Hlutverk samráðsnefndarinnar er að fjalla um skýrslu um- boðsmanns skuldara skv. 2. gr. og skila áliti um skýrsluna til umboðsmanns skuldara.

□ Íbúðalánasjóður, Landssamtök lífeyrissjóða og Samtök fjármálafyrirtækja skulu bera kostnað af starfi samráðsnefnd- arinnar.

#### ■ 4. gr. Álagningarstofn.

□ Álagningarstofn gjalds skv. 1. mgr. 5. gr. eru öll útlán við- komandi gjaldskylds aðila í lok árs miðað við ársreikning, samkvæmt upplýsingum frá Fjármálaeftirlitinu, fyrir alman- aksárið á undan því ári sem skýrsla umboðsmanns skuldara skv. 2. gr. er unnin. Þegar um er að ræða fjármálafyrirtæki skv. 2. málsl. 1. mgr. 1. gr. skal í stað ársreiknings miða við upplýsingar Fjármálaeftirlitsins sem það hefur aflað á grund- velli 1. mgr. 101. gr. a laga um fjármálafyrirtæki, nr. 161/ 2002. Með útlánnum er átt við bókfært virði útlána og ann- arra krafna, þ.m.t. eignarleigusamninga, sem tilgreindar eru undir eignaliðnum útlán í efnahagsreikningi lánastofnana og Íbúðalánasjóðs og undir eignaliðnum veðlán og önnur útlán í efnahagsreikningi lífeyrissjóða og váttryggingafélaga.

□ Hafi tveir eða fleiri gjaldskyldir aðilar sameinast er álagn- ingarstofn gjalds hins sameinaða aðila samanlögð útlán þess- ara aðila fyrir almanaksárið á undan því ári sem skýrsla um- boðsmanns skuldara skv. 2. gr. er unnin. Sama á við um sam- runa gjaldskylds aðila við annað félag eða einstaka rekstrar- hluta þess eða yfirtöku félags á gjaldskyldum aðila.

□ Fjármálaeftirlitið skal veita umboðsmanni skuldara upp- lýsingar sem nauðsynlegar eru við framkvæmd laga þessara.

#### ■ 5. gr. Álagt gjald.

□ Gjaldskyldir aðilar skulu greiða gjald sem nemur [0,00888%]<sup>1)</sup> af álagningarstofni skv. 4. gr.

□ Gjaldskyldur aðili er undanþeginn greiðslu á því ári sem hann hefur starfsemi. Árið eftir að gjaldskyldur aðili hefur starfsemi skal miða álagningu við greiðslu á 500.000 kr. hafi hann veitt lán á almanaksárinu á undan.

<sup>1)</sup> L. 96/2017, 27. gr.

#### ■ 6. gr. Framkvæmd álagningar og innheimtu.

□ Álagning gjalds samkvæmt lögum þessum skal fara fram eigi síðar en 15. janúar ár hvert.

□ Sá sem annast innheimtu gjalds samkvæmt lögum þessum skal gera gjaldskyldum aðilum grein fyrir álagningunni með bréfi.

□ Gjaldið skal greitt ársþriðjungslega fyrir fram með þrem- ur jafnháum greiðslum. Það greiðist þannig að gjalddagi 1. ársþriðjungs er 1. febrúar og eindagi 15. febrúar, gjalddagi 2. ársþriðjungs er 1. maí og eindagi 15. maí og gjalddagi 3. ársþriðjungs er 1. september og eindagi 15. september. Fram- angreind greiðsluskipting tekur þó ekki til álagðs gjalds sem nemur 500.000 kr. eða lægri fjárhæð og skal gjaldið greitt í einni greiðslu 1. febrúar með eindaga 15. febrúar.

□ Sé gjald greitt eftir eindaga hvernar greiðslu reiknast drátt- arvextir á greiðsluna frá gjalddaga í samræmi við lög um vexti og verðtryggingu, nr. 38/2001.

□ Þeim sem annast innheimtu gjalds samkvæmt lögum þessum er heimilt að ákvarða álagningu gjalds að nýju gagnvart tilteknum gjaldskyldum aðilum reynist álagningarstofn eða aðrar forsendur fyrri álagningar ekki réttar.

□ Ráðherra ákveður með reglugerð<sup>1)</sup> hver skuli annast innheimtu gjalds samkvæmt lögum þessum.

<sup>1)</sup> Rg. 127/2012.

■ **7. gr. Ráðstöfun rekstrarafgangs og rekstrartaps.**

□ Verði rekstrarafgangur eða rekstrartap af starfsemi umboðsmanns skuldara skal tekið tillit til þess við ákvörðun á fjárhæð gjalds fyrir næsta almanaksár.

■ **8. gr. Málshöfðun.**

□ Ákvörðun sem tekin er á grundvelli laga þessara verður ekki skotið til æðra stjórnvalds.

□ Vilji gjaldskyldur aðili ekki una ákvörðun sem tekin er á grundvelli laga þessara getur hann höfðað mál til ógildingar

hennar fyrir dómstólum. Mál skal höfðað innan 45 daga frá því að aðila var gerð grein fyrir álagningunni skv. 2. mgr. 6. gr. Málshöfðun frestar hvorki innheimtuaðgerðum né heimildum til aðfarar vegna krafanna.

■ **9. gr. Reglugerð um framkvæmd.**

□ Ráðherra er heimilt að kveða nánar á um framkvæmd laga þessara með reglugerð.

■ **10. gr. Gildistaka o.fl.**

□ Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2012 og skulu fyrst gilda um álagningu gjalds vegna rekstrarárs umboðsmanns skuldara 2012, sbr. einnig ákvæði til bráðabirgða.

■ **11. gr. Breyting á öðrum lögum. . . .**

■ **Ákvæði til bráðabirgða.**

□ Þrátt fyrir 10. gr. laganna gildir ákvæði 2. gr. ekki um álagningu gjalds fyrir árið 2012.